



Menningar- og íþróttaráð

Reykjavík, 22. maí 2025

MIR25050024

Samningur um Bíó Paradís

Um árábil hefur Reykjavíkurborg stutt við starfsemi Bíó Paradísar, en Bíó Paradís við Hverfisgötu hefur öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík.

Sjálfseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna var sett á laggirnar í ágúst 2010. Stofnaðilar voru samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Tilgangur Heimilis kvikmyndanna samkvæmt samþykktum er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígildum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuða að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi. Til að ná tilgangi sínum rekur Heimili kvikmyndanna, kvikmyndahúsið Bíó Paradís við Hverfisgötu 52 í Reykjavík. Í júní 2020 rann leigusamningur Heimilis kvikmyndanna við eigendur hússins út. Ríki og borg tóku höndum saman og gerður var sérsamningur að upphæð 22. m.kr. til að koma til móts við rekstur hússins sem gildir út árið 2026. Að auki er í gildi samningur sem rennur út nk. júní og er fyrir árin 2020 – 2025 að upphæð 13 m.kr. Þetta þýðir að í gildi eru tveir samningar vegna starfsemi Bíó Paradísar. Annar samningurinn rennur út nk. júní og er fyrir árin 2020 – 2025 að upphæð 13 m.kr. Hinn samningurinn er fyrir árin 2024 – 2026 að upphæð 22.000 m.kr. Með þetta að leiðarljósi er lagt til að gerður verður eins árs samningur fyrir 2025 – 2026 að upphæð 13 m.kr. til að ekki verði rof í starfseminni. Þegar seinni samningurinn rennur út í lok árs 2026 verði þessir tveir samningar sameinaðir í einn samning.

Virðingarfyllst,
Arnfriður S. Valdimarsdóttir
Skrifstofustjóri menningarborgar
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 annars vegar og Heimili kvikmyndanna ses, kt. 5808100120 hins vegar, gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um stuðning Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna ses. vegna húsnæðis Bíó Paradísar við Hverfisgötu 52.

1. gr. Markmið

Um árábil hefur Reykjavíkurborg (menningar- og íþróttaráð) stutt við starfsemi Bíó Paradísar. Bíó Paradís við Hversgötu hefur í gegnum árin öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík. Bíóið er vettvangur fyrir vinsælar kvikmyndahátíðir, er með skólasýningar fyrir grunnskólanemendur og á í góður menningarsamstarfi við önnur lönd.

Markmiðið með samningi þessum er að tryggja starfsemi Bíó Paradísar í miðborg Reykjavíkur.

2. gr. Forsaga

Sjálfseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna var sett á laggirnar í ágúst 2010. Stofnaðilar voru samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Tilgangur Heimilis kvikmyndanna samkvæmt samþykktum er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígildum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuða að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi. Til að ná tilgangi sínum rekur Heimilis kvikmyndanna kvikmyndahúsið Bíó Paradís við Hverfisgötu 52 í Reykjavík.

3. gr. Starfsemi og markmið Bíó Paradísar

Húsakynni Bíó Paradísar tryggi sér áframhaldandi sess sem hjarta kvikmyndamenningar í Reykjavík, aðsetur kvikmyndahátíða og kvikmyndahús sem leggur sérstaka áherslu á að kynna erlendar og innlendar listrænar kvikmyndir með breiðri skírskotun til aldurs- og þjóðfélagshópa.

Bíó Paradís verði samvinnuvettvangur sem flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum í landinu og efli samstöðu meðal kvikmyndagerðarmanna, -unnenda, stofnana og félaga á sviði kvikmyndamála og dreifingaaðila kvikmynda.

Bíó Paradís sérhæfir sig í sýningum á nýjum listrænum kvikmyndum og eldri klassískum kvikmyndum í þeim tilgangi að efla mannlíf og kvikmyndamenningu í borginni.

Bíó Parsdís mun sýna íslenskar kvikmyndir og heimildamyndir reglulega og reyna eftir fremsta megni að efla hag íslenskra kvikmyndamenningar.

Bíó Paradís býður nemendum á kvikmyndasýningar á skólatíma, skólum að kostnaðarlausu með það að markmiði að efla kvikmyndalæsi nemenda, meðal annars myndlæsi, myndþroska og áhuga á kvikmyndasögu. Undirbúningur hvers sýningarárs þar á meðal val kvikmynda og tengd námsgögn, verði unnin í nánú samstarfi Bíó Paradísar og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tryggð að sýningar, kynningar og námsefni verið undirbúið af fagfólki.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Árlegt framlag Reykjavíkurborgar til Bíó Paradís í beinum fjárframlögum er 13 m.kr. fyrir tímabilið 1.júlí 2025 til 30 júní 2026.

5. gr. Kynningarmál

Bíó Paradís ber ábyrgð á markaðssetningu kvikmyndahúsi og að kynna Reykjavíkurborg sem kvikmyndaborg og áhugaverða menningarborg. Á öllu kynningarefni Bíó Paradísar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Bíó Paradís sem styrkt af Reykjavíkurborg.

Bíó Paradís skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar kvikmyndahúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður við komið og þykir eðlilegt.

6. gr. Ábyrgð

Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á rekstri bíó Paradísar og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar a þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Heimili kvikmyndanna ses. er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. Samskipti og eftirlit

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Heimili kvikmyndanna ses. um Bíó Paradís. Samráðsfundir aðila samnings þessa skulu haldnir í maí ár hvert, þar sem farið verður fyrir framkvæmd samningsins og tillögur heimilis kvikmyndanna ses. að áherslum Bíós Paradísar fyrir komandi starfsár. Heimili kvikmyndanna ses. skilar á samráðsfundi áætlun um rekstur og starsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

8. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Heimili kvikmyndanna ses. hættur á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verður náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Heimili kvikmyndanna ses. hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Rísi ágreiningsmál útaf samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Gildistími og undirritun

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2025 til 30. júní 2026 og er undirritaður rafrænt.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Heimilis kvikmyndanna ses.

Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir

Hrönn Sveinsdóttir